

# 269. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MIDVIKUDAGUR 13. SEPTEMBER 2017 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu kl 9:30

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Fjármál
  - a. Rekstraryfirlit samstæðu kirkjunnar fyrir fyrri árshluta 2017.
  - b. Bifreiðamál Kirkjumálasjóðs.
  - c. Kirkjur Íslands styrkbeiðni.
  - d. Túlkaþjónusta heyrnarlausra og -skertra.
  - e. Guðbrandsstofnun, starfsáætlun og styrkbeiðni.
  - f. Hofsóss- og Hólaprestakall, afleysing í veikindaleyfi sóknarprests.
  - g. Blaðað í sálmabókinni, styrkumsókn.
  - h. Mál Stórólfsvolssóknar - greinargerð
3. Fasteignir
  - a. Fundargerð kirkjustarfs- fasteignahóps 12. september.
  - b. Úrskurður um arðskrá fyrir Veidifélag Miðfirðinga.
  - c. Heydalir, erindi varðandi kaup á lóðum.
  - d. Laxárdalur, framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagningar.
  - e. Vopnafjarðarhreppur, samningur um ljósleiðaralagningu.
  - f. Valþjófsstaður, ósk um viðræður um kaup á landspildu.
  - g. RARIK, samkomulag vegna lagningar jarðstrengja.
  - h. Kálfafellsstaður, ósk um liðveislu í dómsmáli.
  - i. Breiðabólstaður í Fljótshlíð, veiðiréttur í Affallinu, bréf lögmannsstofunnar Mörkin.
  - j. Framnes Seyðisfirði, endurbætur á prestbústað.
  - k. Reykhólar prestbústaður, niðurstaða myglurannsóknar.
  - l. Vogsósar I. lóðarleigusamningur, svar Strandarkirkjunefndar við erindi kirkjuráðs.
  - m. Grensáskirkja, bílastæðamál.
  - n. Hraungerði,
  - o. Blómsturvellir 35, Neskaupstað, veðleyfi.
4. Málefni Skálholts
  - a. Skálholtsbúið.
  - b. Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, gluggaverkefni.
  - c. Uppbygging í Skálholti.
5. Fundur í Samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar.
6. Kirkjutónlistarráð, staðfesting á tilnefningu varamanns.
7. Samkomulag um rekstur og umhirðu Biskupsgarðs.
8. Önnur mál.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9:30. Forseti kirkjuráðs Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Elínborg Gísladóttir, Stefán Magnússon og Einar Karl Haraldsson í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðrún Finnbjarnadóttir sem ritaði fundargerð.

Til fundarins komu undir lið 4 Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup Skálholts, Arnór Skúlason arkitekt fasteignasviðs og arkitektarnir Finnur Kristinsson og Halldóra Narfadóttir frá arkitektastofunni Landslag.

---

## 2. FJÁRMÁL

---

a) *Rekstraryfirlit samstæðu kirkjunnar fyrir fyrri árshluta 2017.*

Yfirlitið lagt fram. Það samanstendur af samstæðuyfirliti og rekstraryfirliti fyrir biskupsstofu, sjóði og stofnanir þjóðkirkjunnar, þ.e. Kirkjumálasjóð, Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna, Skálholtsstað, Strandarkirkju og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Samkvæmt yfirlitinu var 45,4 m.kr. rekstrarafgangur eftir fyrri árshluta ársins 2017. Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra og fjármálahópi kirkjuráðs að yfirfara yfirlitið og gera tillögu að breytingum á einstökum liðum fjárhagsáætlana þar sem ákvarðanir ráðsins eða breyttar forsendur kalla á breytingar. Tillagan verði lögð fyrir næsta fund kirkjuráðs til afgreiðslu.

b) *Bifreiðamál Kirkjumálasjóðs.*

Framkvæmdastjóra falið að skoða bifreiðamál sjóðsins m.t.t. þess hvort hagkvæmara er að langtíma leigja eða festa kaup á bifreið fyrir fasteignasvið sjóðsins.

c) *Guðfræðiráðstefna og Kirkjur Íslands styrkbeiðni.*

Dagskrárliðurinn er tvískiptur. Fram kom að styrkumsókn vegna ráðstefnu áhugahóps um guðfræðiráðstefnur hefði misfarist og aldrei hlotið efnislega meðferð en sótt var um styrk úr Kristnisjóði. Kirkjuráð samþykkir að veita til verkefnisins 400 þúsund krónum gegn því að nemendur í starfsþjálfun djákna- og guðfræðinema ásamt hópi starfsfólks biskupsstofu fái aðgang að ráðstefnunni. Fjárhagsáætlun Kristnisjóðs verði breytt til samræmis við samþykktina. Þá samþykkir kirkjuráð að flytja til þessa árs ónýtta fjárheimild frá fyrra ári vegna samnings um styrk við útgáfu ritsins Kirkjur Íslands að fjárhæð 1,5 m.kr.

d) *Túlkaþjónusta heyrnarlausra og -skertra.*

Lagt fram erindi biskupsstofu. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að kanna lagalegan grunn túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausra og -skertra.

e) *Guðbrandsstofnun, starfsáætlun og styrkbeiðni.*

Erindið lagt fram, kirkjuráð ályktar að vísa því til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2018 og skoðunar fjármálahóps kirkjuráðs.

- f) *Hofsóss- og Hólaprestakall, afleysing í veikindaleyfi sóknarprests.*  
Erindi biskupsstofu lagt fram. Kirkjuráð samþykkir erindið.
- g) *Blaðað í sálmabókinni, styrkumsókn.*  
Lagt fram erindi Unu Margrétar Jónsdóttur. Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga frá umsækjanda um umsóknina.
- h) *Mál Stórólshvolssóknar - greinargerð.*  
Greinargerðin lögð fram til kynningar.

---

### 3. FASTEIGNIR

---

- a. *Fundargerð kirkjustarfs- fasteignahóps 12. september.*  
Fundargerðin lögð fram. Tekinn fyrir liðurinn Grensáskirkja. Starfshópurinn leggur til að endurbætur á kirkjuhúsinu verði settar á framkvæmdaáætlun fasteignasviðs fyrir næsta ár. Þá leggur hann til að orðið verði við erindi sóknarnefndar um bílastæðamál, þess verði þó gætt að ráðstafanir komi ekki í veg fyrir hugsanlega viðbyggingu við safnaðarheimilið. Tekinn fyrir liðurinn Prestbústaður í Búðardal. Lagt er til að viðgerð á húsinu verði sett á framkvæmdaáætlun fasteignasviðs. Tekinn fyrir liðurinn Valþjófsstaður, ósk um kaup á landi. Starfshópurinn og fasteignasvið mun svara erindinu.
- b. *Úrskurður um arðskrá fyrir Veiðifélag Miðfirðinga.*  
Úrskurðurinn lagður fram. Jafnframt lögð fram leiðrétting á úrskurðinum með úrskurðarorði um arðskrá fyrir veiðifélagið.
- c. *Heydalir, erindi varðandi kaup á lóðum.*  
Lagt fram erindi AS Hótela varðandi kaup á lóðum úr landi Heydala. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.
- d. *Laxárdalur, framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagningar.*  
Lagt fram erindi félagsins Tengir hf. varðandi leyfi landeigenda óskiptrar landeignar í Laxárdal frá Brúar 2016-4273 að Birtingsstöðum 216-3556 varðandi lagningu ljósleiðara um landareignina. Kirkjuráð samþykkir samninginn f.h. Grenjaðarstaðar og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.
- e. *Vopnafjarðarhreppur, samningur um ljósleiðaralagningu.*  
Lagður fram samningur Vopnafjarðarhrepps og Kirkjumálasjóðs sem landeiganda jarðarinnar Hofs um uppbyggingu ljósleiðara í dreifbýli Vopnafjarðar. Kirkjuráð samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.
- f. *Valþjófsstaður, ósk um viðræður um kaup á landspildu.*  
Málið áður tekið fyrir undir dagskrárlið 3. a. og þar samþykkt með ályktun.
- g. *RARIK, samkomulag vegna lagningar jarðstrengja.*  
Lagt fram samkomulag eiganda lands Brúnir, landnúmer 152581 og RARIK o.h.f. um

lagningu jarðstrengja í landinu. Kirkjuráð samþykkir að ganga til samkomulagsins og felur framkvæmdastjóra að undirritað það.

*h. Kálfafellsstaður, ósk um leiðveislu í dómsmáli.*

Lagt fram erindi lögmannsstofunnar Lögmenn Höfðabakka með ósk um leiðveislu í dómsmáli. Einnig lögð fram stefna til réttargæslu í máli Héraðsdóms Austurlands nr. E-36/2007, eigendur Borgarhafnar gegn eigendum Kálfafellsstaðar og gagnsök. Einnig lögð fram stefna í málinu. Fasteignasviði falið að bregðast við stefnunni með viðeigandi hætti.

*i. Breiðabólstaður í Fljótshlíð, veiðiréttur í Affallinu, bréf lögmannsstofunnar Mörkin.*

Lagt fram bréf lögmannsstofunnar Mörkin hf. varðandi erindi kirkjuráðs vegna veiðiréttar í Affallinu, þ.e. hvort veiðiréttur sem skráður hefur verið sem eign Breiðabólstaðar tilheyrir í raun Staðarbakka. Framkvæmdastjóra og fasteignasviði falið að fara yfir málið með bréfitara.

*j. Framnes Seyðisfirði, endurbætur á prestbústað.*

Lagðar fram tillögur Strympu, skipulagsráðgjafar varðandi breytingar á Framnesi, Seyðisfirði. Fasteignasviði falið að leggja mat á tillögurnar og gera tillögur um endurbæturnar með framkvæmdaáætlun Kirkjumálasjóðs fyrir næsta ár.

*k. Reykhólar prestbústaður, niðurstaða myglurannsóknar.*

Lögð fram rannsókn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Framtíð prestþjónustu að Reykhólum er á borði biskupafundar og bíður þar afgreiðslu.

*l. Vogsósar I. lóðarleigusamningur, svar Strandarkirkjunefndar við erindi kirkjuráðs.*

Lagt fram bréf Strandarkirkjunefndar. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að ganga frá framlengingu á téðum lóðarleigusamning að því tilskyldu að ábúendur á Vogsósum I leggist ekki gegn því.

*m. Grensáskirkja, bílastæðamál.*

Málið áður tekið fyrir undir dagskrárlið 3. a. og þar samþykkt með ályktun.

*n. Hraungerði, úttekt vegna uppsagnar ábúðar.*

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra. Kirkjuráð samþykkir að óska eftir nýrri úttekt vegna málsins.

*o. Blómsturvellir 35, Neskaupstað, veðleyfi.*

Lagt fram erindi kaupanda eignarinnar varðandi veðleyfi fyrir láni að fjárhæð 1,6 m.kr. Kirkjuráð samþykkir erindið og felur fasteignasviði að ganga frá veðleyfinu.

---

#### 4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

a. *Skálholtsbúið.*

Framkvæmdastjóri og vígslubiskup í Skálholti fluttu skýrslu um stöðu Skálholtsbúsins.

b. *Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, gluggaverkefni.*

Vígslubiskup reifaði erindi varðandi málið. Kirkjuráð samþykkir að verkefnið verði hafið með því að láta taka niður fimm glugga í kirkjunni og flytja þá á verkstæði Stefan Oidtmanns í Þýskalandi til viðgerðar enda liggur fyrir að Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju hefur safnað framlögum sem nægja fyrir kostnaði við viðgerðina.

c. *Uppbygging í Skálholti.*

Til fundarins kom Finnur Kristinsson landslagsarkitekt. Hann kynnti tillögu að deiliskipulagi fyrir Skálholt.

---

#### 5. FUNDUR Í SAMSTARFSNEFND ALÞINGIS OG ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Lagt fram bréf biskups Íslands þar sem fundurinn er boðaður hinn 27. september 2017 kl. 12:00.

---

#### 6. KIRKJUTÓNLISTARRÁÐ, STAÐFESTING Á TILNEFNINGU VARAMANNS

---

Lögð fram tilnefning Prestafélags Íslanda á varamanni í kirkjutónlistarráði. Tilnefnd var Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Kirkjuráð staðfestir tilnefninguna.

---

#### 7. SAMKOMULAG UM REKSTUR OG UMHIRÐU BISKUPSGARÐS

---

Lögð fram drög að samkomulagi biskups Íslands og Kirkjumálasjóðs um rekstur og umhirðu Biskupsgarðs, Bergstaðastræti 75, Reykjavík. Kirkjuráð samþykkir drögin og felur framkvæmdastjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd Kirkjumálasjóðs.

---

#### 8. ÖNNUR MÁL

---

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15.30.

Næsti reglulegur fundur er áætlaður 10. október 2017

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
forseti, biskup Íslands.

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

---

Séra Gísli Gunnarsson

---

Stefán Magnússon.

---

Einar Karl Haraldsson.

---

Séra Elínborg Gísladóttir